



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 10.tbl.

Nóvember 2017

Jólabasar Kvenfélags Skeiðahrepps
í Brautarholti 25.nóv. kl.14:00.



Aðventukvöld í Árnesi 3.des.kl.20:00

Ávarp: sr. Óskar H. Óskarsson



**Nemendur Þjórsárskóla og
fermingarbörn sýna helgileiki**

Ræðumaður: sr. Kristján Valur Ingólfsson
fráfarandi vígslubiskup.

Kirkjukórinn syngur.
Kaffiveitingar.

Fyrsti sunnudagur í aðventu,
njótum samverunnar!





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.des. 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.


Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

893-7016 eða 462-5301.

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Kvenfélag Skeiðahrepps

verður með sinn árlega jólabasar

laugardaginn **25.nóvember**

Kl. 14:00 í Brautarholti.

Þar verður til sölu ýmiskonar

handverk og matvæli, ásamt

öðrum munum. Einnig verður

tombóla. Þeir sem vilja vera með sölubása þurfa að hafa samband við

Helgu í síma 8654439 eða Jóhönnu Lilju í síma 6966877.

Hægt verður að kaupa kaffi/kakó og vöfflur.

Nemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga koma og spila.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Nefndin



Vegna sölu á Ásbrekku

og rýmingu á húsnæðinu verður opið hús þar
laugardaginn **18. nóv kl.12:00 -17:00**

Ýmislegt til sölu á sanngjörnu verði.

Hjónarúm, stór skrifstofustóll, barnarúm,
barnastóll gefins, skápur með vaski og hellum.

Hilluborð skrifborð x 2 speglar, poolborð og
margt fleira. Allt vel með farið.

Frekari upplýsingar í s. 690-8335 Ólöf.

Búfjáreigendur athugið

Í samræmi við lög um búfjárhald nr. 38/2013 skulu umráðamenn búfjár árlega skila haustskýrslu fyrir **20. nóvember** um búfjáreign, fóður og eftir atvikum landstærðir. Haustskýrslu skal skrá rafrænt á síðunni www.bustofn.is Aðgengi er fengið með rafrænum lykli (Íslykill) og opnast aðgangur þegar kennitala og lyklnúmer hafa verið skráð. Hafi ekki verið sótt um Íslykil er hægt að gera það eftir að aðgangur að skýrslu hefur verið ræstur með hnappnum sem sýndur er á forsíðu Bústofns. Óski búfjáreigandi eftir aðstoð dýraeftirlitsmanns MAST er hægt að hafa samband í síma 530-4800 eða á mast@mast.is

Gjald er tekið fyrir haustheimsóknir og eru bændur hvattir til að skila skýrslum svo komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda. Búfjáreftirlistmaður er

Óðinn Örn Jóhannsson, netf. odinn.johannsson@mast.is

Athugið að ábúendur lögbýla geta þurft að skila skýrslu þó engin sé skepnan ef þeir eru enn á skrá.

Sveitarstjóri.

**Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30
Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

**Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000
Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700**

Lyfja– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.


Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er
María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180
Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimþjónustu sigrun@laugaras.is

Ó syng þínum Drottni!

Viljum aðeins minna á geisladiskinn okkar þar sem sameiginlegur kór Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna syngur valda sálma eftir sr. Valdímar Briem, og Haukur Guðlaugsson leikur orgelverk á orgelið í Skálholti. Diskurinn er til sölu í Sunnlenska Bókakaffinu á Selfossi, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, Lyfju Laugarási, Skálholtsskóla, hjá Þorbjörgu organisti kirknanna og Kristjönu Heyden 863-9518. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsiðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, listmálara.



Guesthouse Denami - Vestra-Geldingaholt

www.denami.is — josefine@denami.is



Hátíð vegna stækkunar friðlands í Þjórsárverum.

Í tilefni af því að búið er að stækka
friðlandið í Þjórsárverum efnum við til
hátíðar í Árnesi laugardaginn 25. nóvember kl. 20:00.

Allir velkomnir!
Vinir Þjórsárvera.



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka
daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com



www.landflutningar.is

Sumarlestur

Í sumar var fimmta árið í röð sem verkefnið „Sumarlestur“

var í gangi í Þjórsárskóla en yfir 90% nemenda tók þátt. Markmiðið með verkefninu er að auka lestraráhuga, hvetja nemendur til þess að vera dugleg að lesa á sumrin og þar með viðhalda þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn.

Að hausti er veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu og þetta árið fengu börnin stuttermaboli merktá skólanum, verðlaunapening og bækur eða bíómiða. Þakkir til þeirra sem lögðu okkur lið: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ísspor, Selfossbíó, Setberg bókaútgáfa og Útgáfufélag Lifandi vísinda.

Öðruvísi dagar

13. október sýndum við samstöðu og tókum þátt í bleika deginum sem var víða á landinu, tileinkaður baráttunni gegn krabbameini.

27. október var bangsa og náttfatadagur.

Jól í skókassa

Árlega tökum við þátt í verkefninu Jól í skókassa. Það er hluti okkar í verkefninu um sjálfbærni. „Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn og fullorðna til þess að gleðja börn sem búa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim gjafir. Skókassarnir verða sendir til Úkraínu. Allur skólinn tekur þátt í verkefninu, lögð er áhersla á að nýta það sem til er, setja í kassana dót og fatnað sem börnin eru hætt að nota. Góðar umræður spunnust í kringum þessa vinnu m.a. um kærleik og hjálpsami.



Kveðjur úr
skólanum.

Kristín og Bolette



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Nóvember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21
9. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	10. nóv Flúðir 18-21	11. nóv Borg 18:00-20:30
16. nóv	17. nóv Brautarholt 18:00-20:30	18. nóv Reykholt 18-21
23. nóv Lokað í dag	24. nóv Lokað í dag	25. nóv Lokað í dag



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is
Desember 2017



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Flúðir 18-21	23. des Jólafrí



Leikholtsfréttir í nóvember 2017

Leikholti

Október leið hratt hjá okkur Leikholti. Hér var mikið leikið og lært.

Elstu börnin fengu að fara á leiksýninguna Björt í sumarhúsi með yngsta stigi Þjósarskóla og Flúðaskóla á Flúðum.

Við vorum með bleikan dag í tilefni söfnunarátaks krabbameinsfélagsins og þá mættu allir í einhverju bleiku ☺ Síðan vorum við með Bangsa- og náttfatadag í tilefni alþjóða bangsadagsins 27. október og þá mættu allir í náttfötum með bangsa í leikskólann. En myndir segja meira en þúsund orð svo við leyfum þeim að njóta sín.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.



Jólahlaðborð Kaffi-Sels

Komum saman og eignum ljúfa stund í aðdraganda jólaanna.

Matsæðill

Fordrykkur

Lax, reykstur og grafinn

Sjávarréttarsalat

Sild, heimabakað rúgbrauð

Nautakjöt á salatbeði

Fylltur lambahryggur - Purusteik

Bayonne skinka - Hnetusteik

Hangikjöt - Kalkúnabringa

Sósar, meðlæti og gómsætur eftirréttir

Verð er 6.900 kr. / mann

Eldamennskan mun einkennast af
kærleik og jólaanda

Tilvalið fyrir

einstaklinga og

fyrirtækjahópa

að njóta góðra

veitinga í upphafi

aðventunnar.

Allir velkomnir!

Húsið opnar kl. 18.00.

Borðhald hefst kl. 19.00.

24. og 25. nóvember og 1. og
2. desember býður Kaffi-Sel,
Efra-Seli við Flúðir, upp á
jólahlaðborð og í kjölfarið léttu
kráarstemningu.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður ásamt
dóttur sinni Perlu Mariu leika ljúfa tónlist
við borðhaldið og síðar um kvöldið tekur
önnur stemning við þar sem Karl leikur
hressa tónlist fram eftir kvöldi, eins og
honum er einum lagið.



Borðapantanir eru í síma 661 5935 (Unnsteinn) og
846 9321 (Halldóra) eða á netfangið pantanir@kaffisel.is

Húsnæði óskast í Skeiða og Gnúpverjahreppi!

Ég er reglusöm, ung, einhleyp og ábyrg kona
og óska eftir húsnæði í sveitinni því ég vinn hér.

Þarf ekki að vera stórt en langar samt að
vera út af fyrir mig.

Upplýsingar í síma 896-4161

Claudia.



Aðventuferð kvenfélsganna

Sunnudaginn 10. desember nk. ætlum við að
leggja land undir fót og fara í aðventuferð.

Ætlunin er m.a. að fara á jólamarkaðinn í
Heiðmörk og heimsækja jólaþorpið í Hafnarfirði.

Við endum daginn á að borða saman.

**Lagt verður að stað frá Árnesi kl 10:30 og
frá Brautarholti kl 10:45**

Skráning í ferðina er hjá Hörpu í síma 899 9653 og á fésinu
og hjá Sigríði Björk í síma 698 0433 og á fésinu.

Síðasti dagur skráningar er 5. desember.

Kvenfélögin.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt.

802



*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.*

*Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Reiðhjól til sölu!

Algjörlega ónotað
karlmannshjól til sölu.
Bögglaberi, hjólapumpa
og aðrir fylgihlutir
innifaldir.

Verð kr. 65.000,-
staðgreitt
(kostaði 95.000,-)

Upplýsingar í síma
486 6143.




**Stækkun Búrfellsvirkjunar í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Skotveiðibann

Öll rjúpnaveiði og önnur skotveiði er
stranglega bönnuð á
framkvæmdasvæði virkjunarinnar í
landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

***Sveitastjóri Skeiða- og
Gnúpverjahrepps***



Fréttir og hugleiðing um starf Kvenfélags Gnúpverja.

Kvenfélag Gnúpverja



Stofnað 1929

Kvenfélag Gnúpverja var stofnað 1929 og er því að detta í 90 ára afmælið innan skamms, 38 konur eru í félaginu, þar af 12 heiðursfélagar.

Fyrir tæpum 90 árum voru aðrar áherslur í félaginu, konur fóru lítið að heiman og var þetta kærkomið tækifæri fyrir konur að hittast, skiptast á skoðunum, fá góð ráð hver hjá annari og ekki sist að láta gott af sér leiða. Á öllum þessum árum hefur félagið gert marga góða hluti sem er kannski ekki svo mikið talað um, t.d. hjálpað fólki í vanda á erfiðum tímum, gefið til bágstaddra fyrir jól og á öðrum hátíðarstundum hjá fjölskyldum, ásamt ýmsum styrkjum sem mörg félagasamtök reiða sig á. Það er sem sagt ýmislegt sem félagð vinnur bakvið tjöldin sem ekki er á yfirborðinu.

Margir spyrja sig, til hvers að halda þessu kvenfélagi gangandi, er það ekki barn síns tíma?

Við teljum það nauðsynlegt að halda því gangandi og það eigi fullan rétt á sér. Auðvitað hefur ýmislegt breyst á þessum 90 árum og hefur félagið aðlagast nútíma kröfum. Kvenfélag Gnúpverja tengist ekki stjórnmálaöflum eða trúarhreyfingum, það er félag fyrir allar konur á öllum aldri. Kvenfélag er nauðsynlegt í samfélagi eins og okkar.

Kvenfélagið er aðildarfélag innan Sambands sunnlenskra kvenna. Á hverju ári seljum við Kærleiksenгла sem eru til styrktar Sjúkrahúsi Suðurlands.

Við höfum gefið gjafir til Heilsugæslunnar, skóla og leikskóla, ásamt ýmsu öðru. Félagið sér um vinsæla páskaþingóð fyrir börnin, þar fara allir heim með páskaegg sælir og glaðir. Við höfum séð um jólatrésskemmtun ásamt Kvenfélagi Skeiðahrepps, sem ekkert barn vill missa af. Góð samvinna er á milli kvenfélaganna í sveitarfélaginu og fer vaxandi.

Í dreifbýli eins og við búum í er beinlínis treyst á kvenfélagið með erfisdrykkjur og erum við afskaplega ánægðar með þá hefð og að það skuli vera leitað til okkar á slíkum stundum. Með stolti standa konur saman og allar leggja sitt að mörkum og gera sitt allra besta þegar á þarf að halda. Einnig höfum við tekið að okkar aðrar kaffiveitingar og matarveislur ef á þarf að halda.

Félagskonur gera sér líka glaðan dag og fara í skemmti-og fræðsluferðir um landið og jafnvel út fyrir landssteinana. Alltaf er pláss fyrir nýja félaga, verið hjartanlega velkomnar kærur konur í okkar raðir.

Í stjórn Kvenfélags Gnúpverja eru:

Sigrún Símonardóttir formaður sigrunsim@gmail.com

Bryndís Baldursdóttir gjaldkeri bryndis60@gmail.com

Berglind Bjarnadóttir ritari berglind@landstolpi.is

Varastjórn:

Sigríður Björk Gylfadóttir

Ingibjörg Stefánsdóttir





www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider Glampi kostar
nú nýr 199.900 m/vsk

Virkislausir hnakkurinn Heba 149.000 m/vsk

Velkominn að skoða eða sækja prufuhnakk hjá okkur í Vestra-
Geldingaholti



www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús
698 70 90 Josefine



**49. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi
miðvikudaginn 18. október 2017 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir, auk Kristjönu Heyden G. Sem ritaði fundargerð í forföllum Kristófers. A. Tómassonar, sveitarstjóra. Oddviti spurðist fyrir hvort athugasemdir væru við fundarboðið, en svo reyndist ekki vera.

Mál til umfjöllunar.

1. Atvinnustefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps lögð fram. Skýrsla um Atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps lögð fram af Atvinnu- og samgöngumálanefnd. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með vel unnið verk og skýrsluna. Skýrslan samþykkt samhljóða.
2. Auglýsing um stækkun friðlands í Þjorsárverum. Við gerð sjónunar- og verndunaráætlunar fyrir friðlandið leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áherslu á að haft verði víðtækt samráð við sveitarfélög á svæðinu. Einnig telur sveitarstjórn eðlilegt að umsjón svæðisins ætti að vera í höndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem stærsti hluti friðlandins, utan jökuls, er innan marka sveitarfélagsins.
3. Breytingar á efnistökusvæðum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar Ákvörðun um matsskyldu. Lagt fram.
4. Ástandsmatsskýrsla um Nónstein. Samkvæmt ástandsmatsskýrslunni sem gerð var af Stefáni Short, Tæknisviði Uppsveita dags.12. október 2017 er of kostnaðarsamt að uppfylla kröfur svo núverandi starfsemi geti haldið áfram.
5. Minnisblað um Hólaskóg. Máli frestað. Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.
6. Breytt umsókn um rekstrarleyfi vegna gistingar í flokki II fyrir Gunnar Örn Marteinnsson, Steinsholti. Beiðni um umsögn. Beiðni samþykkt samhljóða. Gunnar Örn Marteinnsson vék af fundi.
7. Framlenging samnings um Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með fulltrúa Markaðsstofu Suðurlands.
8. 142. fundur Skipulagsnefndar 12.10.2017. Mál nr. 16. Þarfnast umfjöllunar.

Mál 16. Réttarholt A lnr. 166587 Ferðaþjónusta: Deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í landi Réttarholts A við Árnes með lagfæringum til þess að koma a móts við athugasemdir sem fram koma í brefi Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst 2017.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrir liggjandi tillögu og leggur til að sveitarstjórn samþykki tillöguna. Með fyrirvara um umsagnir Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og minniháttar breytingar í samráði við Skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir bókun Skipulagsnefndar.

Mál 17. Stækkun friðlands í Þjórsárverum.

Á fundi skipulagsnefndar 15. ágúst og aftur 28. september 2017 var tekið fyrir erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 3. júlí 2017 vegna tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum. - Málið var ekki formlega afgreitt á þessum fundum þar sem ekki lágu fyrir nægjanlega ítarleg gögn að mati nefndarinnar til að gefa umsögn um málið, t.d. varðandi starfsemi Þjórsárveranefndar. Skipulagsnefnd tekur heilshugar undir bókun sveitarstjórnar Ásahrepps frá 11. október 2017 um gagnrýni á málsmeðferð stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Skipulagsnefnd ítrekar að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum en ekki hjá ríkinu. Sveitarstjórn vísar til fyrri bókunar í máli 2 í fundargerð.

9. Engin önnur mál.

Mál til kynningar :

- A. Minjastofnun, umsögn um frístundabyggð dsk Sandlækur 1.
- B. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-64 dags. 04.10.2017.
- C. 183. fundargerð fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundi slitið kl 16:10: Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 1. nóvember næstkomandi. Kl. 14.00.



Tækjasalur – í Íþróttahúsi á Flúðum

opinn mán-fim 16.00-21.30 og fös 13.00-18.00

Tækjasalur: 700 kr. (67 ára og eldri og öryrkjar frítt)

10 miðar 3.800 kr.

Mánaðarkort 4.800 kr.

Árskort í tækjasal 23.200 kr.

Árskort m/sundlaug 29.000 kr. í tækjasal og sund



UMFH

**50. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnosi
miðvikudaginn 01. nóvember 2017 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt Halla Sigríður Bjarnadóttir og Kristjana H. Gestsdóttir er sat fundinn í fjarveru Gunnars Arnar Marteinssonar. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá, mál. nr 16, samningur milli Skógræktar og sveitarfélagsins um afnotarétt í þjóðlendu. Var það samþykkt. Gunnþór Guðfinnsson og Guðjón T Arnason stjórnendur Skaftholts ses sátu fundinn undir lið nr 1.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Skaftholt ses. Stjórnendur greina frá rekstri. Gunnþór Guðfinnsson og Guðjón T. Arnason frá Skaftholti sjálfseignastofnun greindu frá því að rekstur stofnunarinnar væri mjög erfiður. Þrengt hefur mjög að rekstrinum að þeirra sögn. Byggðasamlagið Bergrísinn annast málefni fatlaðra á Suðurlandi. Að sögn Gunnþórs og Guðjóns vantar mikið uppá að staðið sé skil á framlögum Bergrísans til starfsemi stofnunarinnar. Kröfur hafa einnig aukist um aukna þjónustu til fatlaðra og kallar það á fjölgun starfsfólks og hefur það í för með sér aukinn kostnað. Fram kom í máli Gunnþórs og Guðjóns að erfitt sé að sjá fram á að framhald verði á rekstrinum að óbreyttu. Sveitarstjórn lýsir þungum áhyggjum af rekstri Skaftholts ses og skorar á stjórn Bergrísans bs að leita leiða til úrlausna varðandi rekstur stofnunarinnar.
2. Fjárhagsáætlun 2018-2021. Fyrri umræða. Sveitarstjóri lagði fram, og kynnti fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2018-2021. Ásamt framkvæmdaáætlun. Talsverð umræða varð um áætlunina og ennfremur um rekstur málaflokka. Samþykkt að vísa fjárhagsáætluninni til síðari umræðu.
3. Tillaga að útsvarsprósentu 2018. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarsprósenta verði 14,48 á árinu 2018
4. Tillaga að gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018. Lögð voru fram drög að gjaldskrá sveitarfélagsins árið 2018. Afgreiðslu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.
5. Rauðikambur – samningamál um Þjórsárdal. Oddviti lagði fram og kynnti framkomin drög að samningi milli sveitarfélagsins og Rauðakambs ehf með aðkomu Forsætisráðuneytis um Reykholtslaug og svæði umhverfis í Þjórsárdal. Samningagerð hefur staðið yfir um nokkurt skeið.
6. Niðurstaða útboðs snjómoksturs í SKOGN 2017-2020. Útboð/verðkönnun var opnað 17 október sl á snjómokstri í sveitarfélaginu árin 2017-2020 í umsjón

Vegagerðarinnar. Georg Kjartansson og Strá ehf buðu hagstæðasta verðið fyrir þjónustuna. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Georg og Strá ehf og sveitarstjóra falið að vinna að samningagerð við þá ásamt Vegagerðinni.

7. Umsögn Forsætisráðuneytis um aðalskipulag SKOGN 2017-2029. Lagt fram og kynnt. Vísað til vinnu við aðalskipulag.
8. Umsögn Samgöngustofu um aðalskipulag SKOGN 2017- 2029. Lagt fram og kynnt. Vísað til vinnu við aðalskipulag.
9. Kærunefnd húsamála. Hjólhýsabyggð Þjorsárdal. Lagt fram bréf frá Kærunefnd húsamála. Undirritað af Jóhönnu Heiðdal Sigurðardóttur. Nefndinni barst erindi frá Kolbrúnu Garðarsdóttur hdl fh.Félags leigutaka hjólhýsasvæða í Þjorsárdal. Þar er óskað eftir álit nefndarinnar um réttindi og skyldur vegna lóða undir hjólhýsabyggð í Þjorsárdal í landi Skriðufells. Ágreiningsefnið er tilgreint, ásamt kröfum álitsbeiðenda. Sveitarfélaginu og Skógræktinni er gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina sjónarmiðum kröfum og rökstuðningi vegna málsins. Sveitarstjórn lýsir einróma andstöðu sinni gegn því að svæðinu verði breytt í frístundabyggð. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri sjónarmiðum, kröfum og rökstuðningi sveitarstjórnar vegna málsins.

Fundargerðir

10. Fundargerð 143. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 19, 20 og 21 þarfnast afgreiðslu.

19. mál. Árnes: Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Breyting á landnotkun: Aðalskipulagsbreyting – 1704045 Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem felst í að íbúðarsvæði við enda Bugðugerðis stækkar, þjónustusvæði Þ4 við Skólabraut (leikskólalóð) breytist í íbúðarsvæði, svæði fyrir verslun- og þjónustu (lóð Nónsteins merkt V3) stækkar auk þess sem opið svæði til sérstakra nota minnkar. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins þann 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Eitt athugasemdabréf barst á kynningartíma.

20. mál.

Nónsteinn og Bugðugerði: Árnes: Stækkun lóðar og fjölgun: Deiliskipulagsbreyting – 1706022 Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Árnes til samræmis við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða. Í breytingunni felst m.a. að verslunar- og þjónustulóðin V3 (Nónsteinn) stækkar, gert er ráð fyrir 3 íbúða raðhúsi og parhúsi við enda Bugðugerðis og 4 íbúða raðhúsi við Skólabraut í stað lóðar fyrir leikskóla. Þá er nokkrar breytingar sem varða afmörkun lóða og vega til samræmis við nákvæmari mælingar.

Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins frá 31. ágúst til 13. október 2017. Eitt athugasemdabréf barst á kynningartíma.

Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt og skipulagsfulltrúa falið að vinna umsögn um athugasemd sem lögð verður fyrir þegar málið verður tekið fyrir í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna óbreytta. Lögð var fram umsögn vegna málsins frá Ívari Pálssyni hrl, lögmanni sveitarfélagsins.

21. mál.

Holtabraut 1-7: Holtabraut 1 og 3: Fækkun lóða: Deiliskipulagsbreyting – 1704037

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að fjórum einbýlislóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) er breytt í tveir raðhúsaloðir fyrir 4-6 íbúðir á bilinu 40 ? 90 fm í hvoru húsi fyrir sig með sameiginlegu bílastæði vestan lóðanna. Þá er aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut lokað og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2. Tillagan var kynnt 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Eitt andmælabréf barst með undirskrift 15 aðila.

Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu. Að mati nefndarinnar er umtalsverð eftirspurn eftir minni íbúðum á svæðinu og í tillögunni er þegar búið að gera breytingar til að koma til móts við ábendingar sem fram komu á fyrri stigum málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna óbreytta frá auglýstri tillögu.

Björgvin Skafti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

- 11.Fundargerð 46. Fundar stjórnar Bs. Skip- og bygg. Fundargerð lögð fram og kynnt.
- 12.Fundargerð aðalfundar NOS. Fundargerð aðalfundar frá 20. október sl. Lögð fram. Fjárhagsáætlun fyrir Nos 2018 samþykkt samhljóða.

Annað

- 13.Stígamót- Beiðni um stuðning. Lagt fram bréf undirritað af Guðrúnu Jónsdóttur talskonu Stígamóta, þar sem óskað er eftir styrk til starfseminnar. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir rekstrarupplýsingum Stígamóta og frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar.
- 14.Samtök lungnasjúklinga. Beiðni um stuðning. Bréf lagt fram frá Samtökum lungnasjúklinga þar sem óskað er eftir stuðningi. Samþykkt samhljóða að styrkja samtökin um 10.000 kr.
- 15.Drög að reglum við lóðaúthlutanir. Máli frestað.

16. Samningur um afnot af þjóðlendu. Skógræktin. Lögð voru fram drög að samningi um afnot af þjóðlendu við Hjálparfoss ásamt lóðarblaði undir salernishús. Milli Skógræktarinnar og sveitarfélagsins. Samningsdrög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
17. Önnur mál. Halla Sigríður vakti máls á girðingum á mörkum þess lands sem Traðarland ehf var með leigu, í landi Réttarholts frá sveitarfélaginu síðastliðið sumar. Halla Sigríður, Meike, Einar og Kristjana leggja áherslu á að girt verði skilmerkilega í þeim mörkum sem um ræðir.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 524. Fundar SASS.
- B. Fasteignamat 2018.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa 17-65.
- D. Fundargerð 182. Fundar Heilbrigðisnefndar.
- E. Skráðir nemendur í Tónsmiðju Suðurlands.
- F. Fundargerð Stjórnar Tónlistarskóla Árn. Nr. 184.
- G. Fyrirspurn Svarsins vegna þjónustuhúsa.
- H. Hirðing seyru.
- I. Áætluð framlög sveitarfélaga til SASS.
- J. Íbúðalánasjóður opin hús.
- K. Vörðufells-Hestvikjun- athugsemdir
- L. Fundur um opinber innkaup.



Fundi slitið kl 17: 35. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 15. nóvember næstkomandi. Kl. 14.00.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum
GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun
Fótsnyrting — Handsnyrting –
Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**



Menn og málefni!



Eiríkur Arnarsson, Gunnbjarnarholti og Hróðný Jónsdóttir, Dalbæ 1 Hrun. eignuðust sitt fyrsta barn þann 26. október sem er drengur og hann vó 4546 gr og 53 cm. Fjölskyldn býr í Gunnbjarnarholti og við óskum þeim innilega til hamingju með drenginn.

Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri



STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er nú komin upp við inngang skólamötuneytis, (austan megin) við Félagsheimilið Árnes.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is





HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Á þessum tímapunkti er vert að vekja athygli á nokkrum atriðum kirkjustarfsins framundan.

- **Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum** prestakallsins nú á adventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.
Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339
Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399
Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229
Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039
- **Svokölluð kóramessa verður haldin í Ólafsvallakirkju** **sunnudaginn 26. nóvember kl. 11.** Þar munu syngja saman kirkjukórar prestakallsins ásamt Tvennum tímum. Súpa, brauð og kaffi á eftir í Brautarholti (1500 kr. fyrir manninn).
- **Laugardaginn 2. desember kl. 15 verður helgistund í Hrepphóla-** **kirkju** í tengslum við ljóstendrun á leiðum í garðinum. Kaffi á eftir.
- **Fyrsta sunnudag í adventu, 3. desember nk. kl. 20, verður árlegt** **adventukvöld í Arnesi.** Nemendur Þjórsárskóla munu sem fyrr setja svip sinn á samkomuna, ***ræðumaður sr. Kristján Valur Ingólfsson,*** ***fráfarandi vígslubiskup,*** fermingarbörn sýna helgileik og kirkjukórinn syngur. Kaffiveitingar á eftir.
- **Annan sunnudag í adventu, 10. desember nk. kl. 20:30, verður** **árlegt adventukvöld í Hrunakirkju.** Flutt verður jólasaga, fermingarbörn sýna helgileik, ræðumaður **Edda Andrésdóttir sjónvarpskona** kirkjukórinn syngur og boðið verður upp á kaffisopa á eftir.

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins, **hruni.is**, en þar má nálgast helstu upplýsingar um kirkjustarfið. En einnig á **facebook.com/hrunaprestakall**. Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Er í lagi að fara tvisvar í sömu fötin?

Svar: Já, ÞAÐ ER Í LAGI....!

Mjög fræðandi fyrirlestur var haldinn í Árnesi laugardaginn 11. október.

Þar var Stefán Gíslason líffræðingur og framkvæmdastjóri

Umhverfisráðgjafar Íslands ehf með fyrirlestur um fatasóun. Í máli hans kom fram að Íslendingar kaupa að meðaltali 17 kg af fötum á ári á mann! 8 kg af því magni fer til Rauða kross Íslands 0,5 kg er í skápunum hjá okkur eða uppi á hálofti og 8,5 kg er hent (fer í urðun.) Sóun!

Anna form. Umhverfissn. SkeiðGnúp. en nefndin stóð fyrir þessum fyrirlestri, leyfði mér að nota myndir sem hún tók og þær eru með leyfi fyrirlesara til þess að koma boðskapnum á framfæri. Lítið á meðf. mynd og þar sést að hægt er að gera betur með því að henda **minna (engum) fötum**, ekki einu sinn stökum sokkum og götöttum nærbuxum, ísaumuðu merkimiðunum og böndunum sem maður klippir oft af fötum sem eru notaðir til þess að hengja þau upp í verlsunum!

Rauði krossinn selur notuð föt innanlands en það sem er umfram er selt til Evrópu á 37,- kg og þar fara þau annað hvort í endursölu eða í endurvinnslu því sumt er ekki hægt að endurselja (t.d stöku sokkana) en það sem ekki er hægt að selja, er tætt niður og úr því framleiddur “tvisur“ m.a. sem við þekkjum öll og fjármunir sem RKÍ fær eru notaðir til góðgerðarmála eins og við vitum.

Hvort viljum við láta Sorpu fá 17,56 kr, pr kg eða Rauða krossinn 37,- pr kg til góðgerðarmála? Við höfum val!

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- 594 íbúar 1. janúar 2017
- $594 \text{ íb} \times 17 \text{ kg/íb} = 10.098 \text{ kg}$ (ath. fyrirtæki meðtalin)
 - $594 \times 8 = 4.752 \text{ kg}$ til RKÍ (eða annarra samtaka)
 - $594 \times 0,5 = 297 \text{ kg}$ safnast upp
 - $594 \times 8,5 = 5.049 \text{ kg}$ í urðun (áætl. 5,7 í skýrslu til SOS)
 - Urðunin kostar $5.049 \times 17,56 = 88.660 \text{ kr.}$
 - Fyrir þetta magn fengi RKÍ $5.049 \times 37 = 186.813 \text{ kr.}$

Hvað er sóað?

Sóað = urðað, brennt eða safnað í fataskápa og háaloft!

Þessi glæra sýnir fatasóun á Norðurlöndunum og þá er átt við föt og heimilistextíl (handkl. rúmf, dúka guggatj ofl.) Þar eru Danir duglegastir við að endurnýta fötin en Íslendingar verma þar miðjusætið samkv. þessum upplýsingum.

Keypt og sóað á Norðurlöndunum

Land	Á markað árlega	„Sóað“ árlega	
Ísland	15,0 kg/mann	10,5 kg/mann	70%
Danmörk	16,0 kg/mann	9,5 kg/mann	59%
Finnland	13,5 kg/mann	9,0 kg/mann	67%
Noregur	14,0 kg/mann	10,0 kg/mann	71%
Svíþjóð	15,0 kg/mann	11,0 kg/mann	73%

- Tölur frá **2012** (átætlaðar með mism. aðferðum)
- Föt og heimilistextíl (handklæði, rúmföt, dúkar, gluggatjöld o.fl.)
- „Sóað“ = urðað, brennt eða safnað í fataskápa og háaloft

Nýjustu tölur frá RKÍ (2016)

- RKÍ fékk samtals 2.765 tonn = 8 kg/mann. Þar af voru:
- 65 tonn notuð innanlands (úthlutun og sala í Rauðakrossbúðum)
- 2.700 tonn (179 gámar) flutt út (Þýskaland, Holland, Pólland, Lettland)
- 827.324 € (≈ 100 millj. kr. brúttó (= 37 kr/kg))

Heimild: Rauði krossinn (2017): Ársskýrsla 2016.
<https://www.raudikrossinn.is/media/arskyrslur/Arsskyrsla-2016.pdf>

Hér eru nýjustu tölur frá RKÍ. Við getum svo sannarlega gert betur og látið velferðarmál sem RKÍ stendur fyrir njóta meiri

velvildar okkar með því að setja meira af fötum og textílvörum til þeirra því við hendum, sóum... 9 kg ca pr mann á ári. Umhverfisnefndin á heiður skilið fyrir að fá Stefán hingað og fræða okkur um þessi mál og glærurnar hans verða settar inn á heimasíðu hreppsins www.skeidgnup.is Takk fyrir mig.

Lífserill gallabuxna ☺ í næsta Fréttabréfi. Mbkv. Kidda ritstj. ☺



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps sem hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa auk verkefna sem varða umhverfis- og tæknimál. Verkefni byggðasamlagsins í umhverfis- og tæknimálum eru margvísleg en þar á meðal er unnið að vatns-, hita, og fráveitumálum, gatnagerð, viðhaldi og nýbyggingum húsa, sörpmálum, vinnslu úrgangs og fleira sem til fellur. Starfsaðstaða er á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Starfssvið :

- Verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis- og gatnakerfa.
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka.
- Vinna við fráveitumál.
- Vinna við landupplýsingagrunn.
- Vinna við GPS landmælingar.
- Vinna við umhverfismál.
- Áætlanagerð og forgangsörðun verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur eða -verkfræðingur eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á fráveitum og gatnagerð.
- Reynsla og þekking á umhverfismálum.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar .

Frekari upplýsingar um starfið veitir Eypór Sigurðsson í síma 480 5500 á skrifstofutíma.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi á hæfni viðkomandi í starfið.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017 á netfangið tsv@utu.is

Á bak við eldavélina!

Eiríkur Kristinn Eiríksson bóndi og verktaki í Sandlækjarkoti leggur til uppskriftina fyrir nóvembermánuðinn.



Jæja Hrönn....takk fyrir.

Ég held að þjér skjátlist talsvert, en ég er nú minni eldabuski en þú heldur.

Ég hef ekki hætt mjér út í flókna eldamennsku, þar sem þarf t.d. ¼ hluti laukur, ½ tesk kanill, og slatti af Lemmon pepper og fl.og fl.



Ég hef haldið mig meira við einfaldari hluti, svipað og hjér verður lýst.

Hjér er hugmynd að einhverju léttu svona rétt fyrir allt kjötátið um jólin.

Þessi rjéttur hefur reynst mér vel í gegnum tíðina, eldun tekur lámarks tíma og er endalaust til í ísskápnum.

SÚRMJÓLK.....fyrir og ekki síður, eftir síðasta söludag.

Oft lendir súrmjólkinn í því, að eldast talsvert og fara langt fram yfir síðasta söludag. En nú er ég búinn að finna lausn á því. Ein stór matskeið sykur fyrir hverja viku fram yfir síðasta söludag, gott að hafa aukatíma við að borða þegar hún fer að eldast, því þá fer hún að verða kjekkjótt.... og þá getur þurft að hræra hana talsvert og jafnvel bæta við auka skammti af sykri. Þessi rjéttur er extra góður ef magasýrur eru viðkvæmar. Verið endilega óhrædd við að prófa eitthvað nýtt....(það er ég ekki ..) Verði ykkur að góðu.

Mjér datt í hug að skora á Odd á Stöðulfelli að koma með eitthvað alveg grámagnað fyrir okkur.
Kveðja.
Diddi.



Hreinsun rotpróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotprær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtsbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar prær á Skeiðum, Sandlækjarsbæir og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Einföld rúllugreip Frábært verð



Kr. 79.251 m/vsk

Rúllugreip sem tekur tvær rúllur
Með glussatjökkum til að færa armana inn og út



Hliðgrindur

Margar stærðir - frábært verð



Tilboðsverð kr. 275.000 m/vsk

Rúllugjafahringir

Fyrir
sauðfé,



Verð kr. 28.715

SUEVIA

Brynningarskálar - Vatnskör



Hringgerði

10 stk. Grindur 3,0 x 1,52 m
1 stk. Hlið fyrir hringgerði 1,58 m
11 stk. Tengipinnar

Þetta hringgerði er 10 metrar í þvermál
Hægt er að stækka og minnka eftir þörfum

Verð kr. 311.364 m/vsk



LANDSTÓLPÍ

Egilsstöðum - 471 1901



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

Skeiða og Gnúpverjahreppur

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

Nú fara nýjar bækur að detta inn!

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

